

Úrskurðarorð:

Kröfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl., skipaðs réttargæslumanns Svans Elí Eliassonar um, að honum verði úrskurðað heimilt að kynna kærða sakargögn, er synjað.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 10/1988. **Landeigendur Ytri Njarðvíkur-
hverfis með Vatnsnesi
gegn
Aðalstöðinni hf.**

Kærumál. Valdmörk fógetadóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í c- og d-liðum 1. tl. og 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1987, sem barst Hæstarétti 7. þessa mánaðar. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og „matsmönnunum Jóhanni Bergmann og Gísla Sigurkarlssyni verði leyft að koma fyrir fógetadóminn og staðfesta matsgerð sína“. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili máls þessa gerði lóðarleigusamning 22. nóvember 1953 við sóknaraðila og skyldi ársleiga af lóð hans vera 3.302,50 krónur. Sóknaraðilar hafa um árábil viljað fá hækkun á leigunni. Fengu þeir dómkvadda matsmenn 9. desember 1985 til að meta hæfilega leigu fyrir ýmsar lóðir, þar á meðal lóð varnaraðila en hún er

nú nr. 86 við Hafnargötu í Keflavík. Niðurstaða matsmanna varð sú, að leigugjald fyrir þessa lóð væri 1986 hæfilegt 60.460,00 krónur. Kröfðu sóknaraðilar varnaraðila um þessa fjárhæð, en hann greiddi ekki. Það lögmaður sóknaraðila um fjárnám í bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 13. október 1987 og byggði á 15. gr. lögtakslaga nr. 29/1985. Í fógetarétti var síðan rekið sérstakt mál um það, hvort matsmönnum skyldi heimilt að koma fyrir dóminn til að staðfesta mat sitt. Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, er fór sem fógeti með málið, hafnaði beiðni sóknaraðila um það með forsendulausum úrskurði 3. desember 1987. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Matsmenn matsgerðar þeirrar sem lögð hefur verið fram á réttarskjali nr. 6 fá ekki að koma fyrir rétt í þessu máli.

Málaskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.“

Í greinargerð, sem lögmaður sóknaraðila hefur sent Hæstarétti, segir, að gerðarþoli, varnaraðili fyrir Hæstarétti í þessu máli, hafi mótmælt áðurnefndri matsgerð sem óstaðfestri, en jafnframt mótmælt því, að matsmönnum verði heimilað að staðfesta matsgerðina. Myndi efnt til vandræða, ef slíkur málatilbúnaður yrði látinn viðgangast. Lögmaður sóknaraðila telur að taka beri kröfu sína til greina, þar sem skýra beri 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga nr. 19/1887 með hliðsjón af 223. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, enda felist ekki í 41. gr. 2. mgr. fortakslaut bann við að matsmenn komi fyrir fógetadóm.

Lögmaður varnaraðila hefur sent greinargerð til Hæstaréttar. Segir þar, að krafan um staðfestingu hins kærða úrskurðar sé byggð á 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga. Efnislega krefjast sóknaraðilar þess, að vikið sé til hliðar ákvæðum í lóðarleigusamningi um tiltekna leigufjárhæð og í stað þess greitt eftir mati. Álitafni sem þetta hljóti eðli málsins samkvæmt að fara fyrir hinn almenna héraðsdóm en ekki fógetarétt. Myndi önnur niðurstaða leiða til þess að enginn eðlismunur væri í raun á þessum tveimur dómstólum.

Sú meginregla, sem fram kemur í 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga nr. 19/1887 sýnir, að fógetadómi er að jafnaði ekki ætlað að taka afstöðu til ágreiningsefna, sem gefa tilefni til að dómskýrslur séu teknar af matsmönnum. Efniságreiningur aðila þessa máls er verulegur og óvíst, hve víðtæka málsmeðferð þarf, svo að hann verði

til lykta leiddur. Mátti fógæti því hafna beiðni sóknaraðila um að í fógætarétti færi fram sú skýrslutaka, sem óskað var eftir af þeirra hálfu. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, en rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 12/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Agnari Viði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. janúar 1988, sem barst Hæstarétti 8. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að varðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins. Er í því sambandi vísað bæði til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Gögn málsins bera ekki með sér, að ástæða sé til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr.